

Eystrahorn

16. tbl. 37. árgangur

Fimmtudagurinn 2. maí 2019

www.eystrahorn.is

Fuglar - listsýning í Nýheimum

Guðrún Ingólfssdóttir opnar listsýningu á Bókasafninu í Nýheimum næstkomandi laugardag þann 4. maí. Tilurð þessarar sýningar er líf fuglanna og hvernig þeir minna okkur á breytileika lífsins og náttúrunnar. Sumir koma og fara og við köllum þá farfugla. Aðrir eru bara alltaf á svæðinu, staðfuglarnir okkar. Myndmál sýningarinnar er því hreyfanleikinn eins og hann birtist í lífi fuglsins. Sýningin mun þannig ferðast á milli og hafa stuttan stans á hverjum stað, rétt eins og krian sem sest á stein eða þröstur á grein. Myndin er samt áfram til staðar í huga okkar og minnir á sig rétt eins og fuglinn, en samt komin á nýjan stað.

Sýningin kemur aðvifandi og hefur fyrstu viðkomu 4. maí á bókasafninu í Menningarmiðstöð



Hornafjarðar. Þar hefur hún viðstöðu til 9. maí. Þá tekur hún sig upp og sest inn á hjúkrunarheimilið Skjólgarð. Þar verður hún til 17. maí. Því næst sest hún á sundlaugarbakkann og verður opið í Sundlaug Hornafjarðar frá 18. til 23. maí. Þá hefur hún sig á flug í síðasta sinn og tekur stefnuna á leikskólann Sjónarhól og dvelur þar frá 24. til 29. maí. Þar með lýkur farfluginu, í bili að minnsta kosti. Sýningin verður opin á opnunartíma bókasafnsins og í tilefni af viðkomu hennar þar býður Menningarmiðstöðin upp á kaffi og kleinur laugardaginn 4. maí kl: 13:00.

Við spurðum Gingó örfárara spurninga í tilefni af sýningu hennar.

Hvernig var ferlið fyrir sýninguna?

Ferlið byrjaði þegar ég sat í Toskanahéraði á Ítalíu síðasta sumar þar sem ég var að læra ákveðna aðferð við málun. Þar kom löngunin að nota þessa aðferð við að mála fugla og einhvern veginn komu þeir fljúgandi til mín einn af öðrum í vetur.

Hvernig datt þér í hug að láta sýninguna taka flugið?

Ég ákvað strax að myndirnar yrðu smámyndir. Þegar ég



var hálfnuð sá ég að það var möguleiki fyrir mig að leyfa sýningunni að fljúga um eins og fuglarnir sem ég var búin að mála og að ég sem myndlistarkona hef oft hugsað það að færa fólkinu hér á staðnum myndlist sem annars kæmist ekki til að upplifa myndlist.

Mun sýningin jafnvel halda áfram að ferðast innanlands eða utan?

Það er aldrei að vita hvert hún fer eftir að hún hættir að flögra um Höfn.

Hvaðan færðu innblástur?

Ég fæ minn innblástur mikið þegar ég ferðast um heiminn og landið okkar og ég skissa mikið á ferðalögum og tek myndir. Fer ávallt með sköpunar skapið með mér hvert sem ég fer.

Hvað er svo næst á dagskrá hjá þér?

Það er að fylgja sýningunni eftir og reyna að bæta mig tæknilega við þá myndlist sem ég stunda.

Hanna Dís Whitehead

Söfnunarátak vegna göngubrúar inn á Lónsöræfum

Ágæta útivistarfólk, vinir og velunnarar Ferðafélags Austur-Skaftfellinga.

Vegna tjóns sem varð á göngubrúnni á Jökulsá í Lóni inn á Lónsöræfum um áramótin 2018 / 2019 og mikils kostnaðar sem hlýst af því að endurgera brúna, langar okkur að leita til ykkar eftir fjárstuðningi. Höfum við ákveðið að stofna styrktarreikning í nafni félagsins og mun það fjármagn sem safnast á reikninginn renna beint í þetta verkefni. Gamla göngubrúin sem var reist 1953 og hafði tvisvar verið endurbætt er eina samgönguleiðin að Múlaskála, skála ferðafélagsins á Lónsöræfum, sem stendur norðan árinna. Góð nýting hefur verið á gistingu í Múlaskála undanfarin ár og er

rekstur skálans ein aðal tekjulind félagsins. Vegagerð ríkisins mun hanna og reisa nýju brúna og hljóðar gróf kostnaðaráætlun upp á ca. 20 milljónir. Vegagerð ríkisins mun greiða helming kostnaðarins en hitt verður að fjármagnast eftir öðrum leiðum. Smíði nýrrar brúar er hafin og vonumst við eftir því að hún verði komin í notkun fyrir sumarið. En vel er bókað í Múlaskála frá 1. júlí til 20. ágúst.

Númer reikningsins er 0172-15-200004 kt:490295-2169.

Með von um góðar undirtektir.

Virðingarfyllst

Stjórn Ferðafélags Austur-Skaftfellinga



Hægt er að nálgast blaðið og eldri blöð á www.eystrahorn.is



Hafnarkirkja

Sunnudaginn 5. maí
Sunnudagaskóli kl. 11:00
Við munum syngja, hlusta á sögu, lita og hafa gaman Djús og kex eftir stundina.
Allir velkomnir.

Prestarnir



Bifreiðaskoðun á Höfn 13., 14. og 15. maí.

Tímabantanir í síma 570-9090
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 10. maí.
Næsta skoðun 18., 19. og 20. júní.

Frumherji

Þegar vel er skoðað

Sigríður Sveinsdóttir Háls-nef og eyrnalæknir verður með stofu á heilsugæslustöðinni þann **17 maí n.k.**

Tímabantanir í síma 470-8600 virka daga.
Tekið er við kortum .



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Félag Harmonikuunnenda Höfn Dagur harmonikunnar 4. maí 2019.

Allir þeir sem eiga harmonikur er boðið að hittast í Ekusalnum frá kl. 11-13.

Boðið verður upp á súpu og brauð í hádeginu.

Allir hjartanlega velkomnir.

F.H.U.H



FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



**STJÓRNARFUNDUR í dag
2.maí kl. 14.15.**

EKRUMEISTARINN í Hornfjarðarmanna 2019 er spilaður í Ekru fimmtudaginn 2. maí **í kvöld kl. 20:00.**

Stjórnandi er Albert Eymundsson.
Kostar 1000 kr inn. Ekki posi.
Kaffi á könnuni. Fjöldmennið.

Viðtalstími formanns er í Ekru föstudaginn 3. maí frá kl. 15:30 -16:00.

MÁLÞINGIÐ Hvernig er að eldast á Hornafirði verður í Nýheimum á Höfn miðvikudaginn 22. maí. Takið daginn frá.

SÚPUFUNDUR

laugardaginn 4. maí
kl. 11:00-13:00 í Sjálfstæðishúsinu.

Gestur fundarins er **Ásmundur Friðriksson**

Við tökum vel
á móti þér!

D



Sveitarfélagið

HORNAFJÖRÐUR

Kynningarfundur um skipulagsmál

Kynningarfundur vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Lambleksstöðum verður haldinn **fimmtudaginn 9. maí 2019 kl. 12:00.** Fundurinn verður haldinn í Ráðhúsi sveitarfélagsins að Hafnarbraut 27, 780 Höfn.

Gunnlaugur Róbertsson, skipulagsstjóri

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang:tjorvi@eystrahorn.is
Prófarkalestur:..... Guðlaug Hestnes
Úmbrot: Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Eystrahorn Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur
velkomnir í hópinn.

HLS ehf.
Rnr. 0537-14-409068
Kt. 500210-2490

BÁSAR

eftir
Ísar Svan Gautason

Lengd: 10 mín

kl. 20:00

Sýnd í Nýheimum
9. maí



Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

Auglýsing vegna skipulagsmála

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 14. mars 2019 að auglýsa lýsingu vegna aðalskipulagsbreytinga á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samhliða breytingu á aðalskipulagi fer fram breyting á deiliskipulagi.

Lýsing varðandi Aðalskipulagsbreytingar felur í sér eftirfarandi;

Svæðisráð suðursvæðis Vatnajölsþjóðgarðs hefur ákveðið að vinna að nýju deiliskipulagi við Jökulsárlón vegna breyttra forsendna. Samhliða þeirri vinnu kann að þurfa að breyta aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Mögulegar breytingar varða:

Afmörkun Vatnajökulsþjóðgarðs, sem tekur nú til Jökulsárlóns og stórs hluta Breiðamerkursands.

Fjölgun ferðamanna og hugsanlega þörf á að breyta afmörkun á svæði sem fellur undir afþreyingar- og ferðmannasvæði (AF16) við Jökulsárlón.

Sveitarfélagið Hornafjörður óskar eftir umsögn vegna lýsingu á aðalskipulags- og deiliskipulagsbreytingu skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

Frestur til að skila inn athugasemdum er til 3. júní 2019 og skal skila skriflega á bæjarskrifstofur Hornafjarðar Hafnarbraut 27, 780 Höfn eða á netfangið skipulag@hornafjordur.is

Gunnlaugur Róbertsson, skipulagsstjóri



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S. 4708000 / www.hornafjordur.is

Strandhreinsun og Plokk

Nýliðna helgi stóðu ýmis félagasamtök og einstaklingar um land allt fyrir Stóra Plokkdeginum. Fjölbreytt og víðfeðm landsvæði voru hreinsuð af öllu rusli af duglegum sjálfbóðaliðum. Næstu helgi heldur hreinsunarátakið áfram en þá er Norræni Strandhreinsunardagurinn.

Dagurinn er haldinn árlega til vitundarvakningar á þeim hættum sem fylgja plastmengun í hafi. Talið er að árið 2050 verði meira af plasti í höfunum en fiskar, til að koma í veg fyrir það þarf að endurhugsa alla neyslu,

nýtingu og úrgangsstjórnun en einnig er mikilvægt að hreinsa það plast úr náttúrunni sem þegar hefur borist þangað.

Strandhreinsun er plokk þar sem farið er um fjörur landsins og allt rusl týnt saman til að sporna við því að plast brotni niður í fjöruborðinu eða fari á haf út, mengi náttúru og dýralíf, og endi jafnvel í fæðukeðjunni okkar.

Allir geta tekið þátt í skipulögðum hreinsunum eða stofnað sína eigin svæðisbundnu hreinsun.

Fylgist með á umhverfissudurland.is og deilið afrakstri hreinsunarinnar [#umhverfissudurland](https://twitter.com/umhverfissudurland)



Gleðigjafar verð með tónleika þann 12. maí í Hafnarkirkju.

Nánar auglýst síðar



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Starfsmaður óskast í Menningarmiðstöð

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir eftir starfsmanni á Menningarmiðstöð Hornafjarðar.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar auglýsir eftir framtíðar starfsmanni við byggðasafn Hornafjarðar. Um er að ræða 100% stöðu og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfslýsing:

- Ber ábyrgð á starfsemi byggðasafnsins í samstarfi við forstöðumann
- Annast skráningu, umhirðu og verndun safngripa.
- Rannsóknir á aðföngum Menningarmiðstöðvarinnar og miðlun þeirra.
- Birting pistla og greina í fréttu- og samfélagsmiðlum.
- Þátttaka í barnastarfi.
- Eftirfylgni með að unnið sé eftir safnastefnu.

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Æskilegt er að viðkomandi hafi háskólapróf sem nýstist í starfi.
- Reynsla í safnastörfum er kostur.
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð.
- Frumkvæði í starfi og góð færni í mannlegum samskiptum.

Upplýsingar um starfið gefur Eyrún Helga Ævarsdóttir forstöðumaður Menningarmiðstöðvar í síma 470-8052 eða eyrunh@hornafjordur.is Umsóknarfrestur er til 20.05.2019 og skulu umsóknir sendar á rafrænu formi á netfangið eyrunh@hornafjordur.is

Framtíð Miklagarðs Íbúafundur

í Nýheimum 8. maí kl. 16:30

Vilt þú hafa áhrif á framtíð Miklagarðs?

Hvað á að gera og hvert stefnum við?

Fundarstjórnandi verður Reynir Arnarson

Kaffiveitingar og líftegar umræður.

Ef þú sérð þér ekki fært að mæta þá er opið fyrir innsendar tillögur að framtíðarsýn Miklagarðs til 8. maí.

Tillögur sendist á Eyrúnu Helgu Ævarsdóttur á eyrunh@hornafjordur.is



Heimavirkjun að Reynivöllum II

Auglýsing um útgáfu framkvæmdaleyfis

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar á fundi sínum þann 16. október 2018 að veita framkvæmdaleyfi vegna heimavirkjunar að Reynivöllum II.

Landeigandi áformar að reisa 120 kW vatnsaflsvirkjun í Heiðarlæk sem á upptök sín í Efri-Grænhjallabotni í landi Reynivalla. Sá kafli lækjarins sem taka á vatn úr rennur í um 170 m hæð yfir sjávarmáli. Stífla á lækinn með lítilli jarðvegsstíflu sem mun rúma um 1000 m³ af vatni. Frá miðlunartjörninni liggur svo þrýstípi, um 500 metrar á lengd. Hún liggur niður fjallshlíðina og þar sem þess er kostur mun pípan vera grafin undir svörðinn. Pípan endar svo í um 20 m² stóru stöðvarhúsi sem mun standa vestan við Ranhól um 900 metrum vestur af bæjarstæðinu á Reynivöllum. Til að tryggja aðgengi að stíflu verður lagður vegslóði í framhaldi af vegslóða sem fyrir er á svæðinu.

Nánari upplýsingar um útgáfu framkvæmdaleyfisins má nálgast á heimasíðu Sveitarfélagsins Hornafjarðar undir vefslóðinni <http://www.hornafjordur.is/stjornsysla/skipulagsmal/framkvaemdaleyfi/>

Vakin er athygli á því að niðurstaða bæjarstjórnar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar, sjá nánar á heimasíðu nefndarinnar uua.is.

Höfn í Hornafirði 29. apríl 2019

F.h. bæjarstjórnar, Gunnlaugur Róbertsson, skipulagsstjóri



Auglýsing um skipulagsmál

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum þann 11. apríl 2019 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi vegna Birnársvirkjunar.

Stefnt er að því að reisa vatnsaflsvirkjun í Birnudal í landi Kálfafellsstaðar í Suðursveit. Virkja á ána Birná sem á upptök sín innst í Birnudal og liggur eftir miðjum dalnum. Birnudalur er lítill dalur innarlega í Staðardal vestanverðum. Birná er dragá og vatnsvið hennar er u.þ.b. 4 km². Lengd árinna frá efstu drögum þar til hún fellur í Staðará eru u.þ.b. 3,5 km. Rennsli árinna er nokkuð stöðugt samkvæmt mælinum er lágmarksrennsli í kringum 300 l/s.

Deiliskipulagstillagan ásamt greinargerð verður til kynningar í Ráðhúsi sveitarfélagsins að Hafnarbraut 27, 780 Höfn og á heimasíðu sveitarfélagsins hornafjordur.is/stjornsysla undir skipulag í kynningu frá 2. maí 2019 til 19. júní 2019.

Sveitarfélagið Hornafjörður óskar eftir umsögn vegna deiliskipulagstillögunnar skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

Frestur til að skila inn athugasemdum er til 19. júní 2019 og skal skila skriflega á bæjarskrifstofu Hornafjarðar Hafnarbraut 27, 780 Höfn eða á netfangið skipulag@hornafjordur.is

Gunnlaugur Róbertsson, skipulagsstjóri

Umhverfissamtök Austur-Skaftafellssýslu kynna:

STRAND HREINSUN

LAUGARDAGINN 4. MAÍ
HREINSUM SUÐURFJÖRUR KL. 11-14
GRILL Í LOKIN Í BOÐI NETTÓ

Munið eftir: nesti, fjölnota hönskum, fjölnota pokum og góða skapinu.

Hlökkum til að sjá ykkur


Mæting við tjaldstæðið kl. 10:30
Sameinumst í bíla eins og hægt er.
Einnig má hitta okkur við austan við Hellisholt.
Ferðapjónustubílar ferja í og um fjöruna.



nettó



ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ



Starfsmaður óskast í Menningarmiðstöð



Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir eftir starfsmanni á
Menningarmiðstöð Hornafjarðar.

Menningarmiðstöð Hornafjarðar auglýsir eftir framtíðarstarfsmanni á bókasafn Hornafjarðar. Um er að ræða 100% stöðu og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfslýsing:

- Ber ábyrgð á starfsemi bókasafns í samstarfi við forstöðumann.
- Annast bókakaup, flokkun, skráningu, frágang og útlán á gögnum safnsins.
- Útgáfa og fræðsla.
- Birting pistla og greinarskrif í fréttu- og samfélagsmiðla
- Þátttaka í barnastarfi.
- Eftirfylgni með að unnið sé eftir safnastefnu.

Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Æskilegt er að viðkomandi hafi háskólamenntun í bókasafns- og upplýsingafræði eða aðra menntun sem nýtist í starfi.
- Góð íslenskukunnátta og reynsla í starfi á bókasafni er kostur.
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð.
- Frumkvæði í starfi og góð færni í mannlegum samskiptum.

Upplýsingar um starfið gefur Eyrún Helga Ævarsdóttir forstöðumaður Menningarmiðstöðvar í síma 470-8052 eða eyrunh@hornafjordur.is
Umsóknarfrestur er til 20.05.2019 og skulu umsóknir sendar á rafrænu formi á netfangið eyrunh@hornafjordur.is